



Umhverfismennt á Hádegishöfða

Skýrsla um skrefin sjö

í átt að Grænfána

2019-2021



Lagarfell 15

700 Fljótshálsa

Sími: 470-0670

Netfang: hadegishofdi@mulathing.is

Vefsíða: <http://www.hadegishofdi.is>

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Stýrihópur.....	6
Eftirlit og endurmat	6
Áætlun um aðgerðir og markmið 2019-2021	7
Áætlun um aðgerðir og markmið 2021-2023.....	10
Verkefni og tenging við aðalnámsskrá og heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.....	11
Að upplýsa og fá aðra með	14
Umhverfissáttmálinn og umhverfislag	17
Lokaorð	17
Yfirlit fylgiskjala	17
Fylgiskjal 1.....	19
Fylgiskjal 2.....	20
Fylgiskjal 3.....	26
Fylgiskjal 4.....	27
Fylgiskjal 5.....	28
Fylgiskjal 6.....	29
Fylgiskjal 7.....	30
Fylgiskjal 8.....	31

Fylgiskjal 9.....	32
Fylgiskjal 10.....	33
Fylgiskjal 11.....	34
Fylgiskjal 12.....	37

Inngangur

Leikskólastarf á Hádegishöfða hófst 1. október 1987. Í leikskólanum eru tvær deildir, Stekkur og Sel. Á Stekk eru yngri nemendurnir og á Seli þeir eldri. Hádegishöfði rúmar allt að 40 nemendur. Skólaárið 2019 - 2020 voru fjórir árgangar í skólanum þar sem aldur barnanna var frá eins árs til 5 ára. Sama aldurskipting er líka skólaárið 2020 -2021. Leikskólinn er staðsettur í Fellabæ, með grunnskólann og íþróttaaðstöðuna í fjölnýtihúsinu í næsta nágrenni. Gott samstarf er við starfsmenn þessara stofnana. Árið 2020 hefur verið sérstakt af völdum Covid 19. Sóttvarnaraðgerðir hafa sett sitt mark á skólastarfið, hópaskiptingu, teymiskennslu og samstarf utan leikskólans. Skólinn er í mikilli nálægð við ósnortna náttúru, stutt er í móa og móagróður, kletta, tré, að ógleymsdu Lagarfljótinu og fallegum fjallahring sem eru óþrjótandi uppspretta ævintýra og uppgötvana. Mikill auður liggur í íbúum svæðisins sem þekkinga vel átthagasögur og staðhætti og samstarf okkar við þessa aðila tengir kynslóðir og flytur menningararfinn áfram. Einnig kemur starfsmannahópur leikskólans úr ýmsum áttum, allir með sinn bakgrunn, áhugamál og þekkingu sem nýtist í fjölbreyttu starfi á Hádegishöfða.

Eitt af markmiðum skólans er að flagga Grænfána Landverndar. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Í fylgiskjali 1 er hægt að lesa sig til um merkingu grænfánans. Grænfáninn var fyrst dreginn að húni á Hádegishöfða vorið 2009 og sækir skólinn nú um endurnýjun í sjötta sinn.

Markmið Hádegishöfða með umhverfismenntun er að efla þekkingu, auka jákvætt viðhorf, bæta úr röskun í náttúrunni og að börnin vinni verkefni sem stuðla að bættu umhverfi sem og sterkari umhverfisvitund sem hefur margfeldnisáhrif út í samfélagið í gegnum nemendurna og starfsfólk. Á Hádegishöfða eru börnin í elsta

árgangi í umhverfisnefnd sem hefur m.a. það hlutverk að halda utan um þetta verkefni. Þau hafa m.a. tekið þátt í endurmati.

Stýrihópur

Á tímabilinu hafa kennarar sem hafa umsjón með teymiskennslu í umhverfismennt haldið utan um Græfánaverkefnið. Árið 2020 hefur stýrihópur ekki verið virkur og því enginn aðili foreldra komið að verkefninu með formlegum hætti eins og á síðasta tímabili. Það skapast að mestu vegna sóttvarnarsjónarmiði á Covid tímum. Kennarar í umhverfisteymi ásamt elstu börnum leikskólans hafa því sinnt endurmati og upplýst leikskólastjóra eins og þurfa þykir. Vegna kennarabreytinga milli skólaára var mannskipti í stýrihópnum.

Mat á stöðu umhverfismála

Formlegt mat á stöðu umhverfismála fékkst með því að:

- Í fylgiskjali 2 er að finna gátlista sem farið var yfir, þar sem skoðað var hvernig gengur að framfylgja markmiðum Hádegishöfða er varðar neyslu og úrgang.
- Farið var yfir umhverfissáttmála Hádegishöfða í umhverfismennt með tveimur elstu árgöngum barna leikskólans, auk þess að farið var yfir hann á starfsmannafundi.
- Lögð var áhersla á að enginn einn gæti gert kraftaverk í umhverfismálum en saman getum við lyft grettistaki.

Eftirlit og endurmat

Eftirlit og endurmat hefur að mestu farið fram með elstu börnum leikskólans sem skipa umhverfisnefnd. Vegna fjölda þeirra er þeim skipt upp í tvo hópa. Stundum fer endurmat fram í minni hópum eða pörum þar sem verið er að meta hvort aðgerðaráætlun sé fylgt eftir.

Á starfsmannafundum er farið yfir áherslur leikskólans í umhverfismennt. Þá skapast vettvangur til að endurmeta hvernig gengur, koma með tillögur að nýjungum og endurbótum.

Nýjasta Grænfánaskýrsla er á heimasíðu leikskólans og er starfsmönnum og foreldrum bent á að þar geti þeir fengið innsýn inn í starfið er snýr að umhverfismennt og markmiðum sem leikskólinn Hádegishöfði hefur sett sér. Leitast verður við að virkja áhuga barna, foreldra og starfsmanna á nærumhverfinu og því sem það hefur uppá að bjóða, umhverfismennt og viðhalda ákveðnum stíganda í starfinu.

Áætlun um aðgerðir og markmið 2019-2021

Áfram verður unnið út frá tveimur þeimum: *Neysla og úrgangur og átthagar og landslag.*

Markmið:

Neysla og úrgangur

- Að fara vel með mat og matarafganga eins og hingað til. Gera sýnilegt það ferli sem matarafgangar fara í hvort sem er í fuglafóður eða í moltugerð.
- Koma upp 2-3 hólfa opnum safnkassa við leikskólann.
- Nýta allan efnivið sem hægt er og til fellur í leik og til skapandi starfs.
- Nota frekar það sem til er og fellur til frekar en að kaupa nýtt.
- Minnka plastnotkun eins og hægt er, bæði í deildarstarfi og eldhúsi.
- Halda áfram með ræktun.
- Fylgja flokkunarkerfi sveitarfélagsins þegar við losum okkur við úrgang sem ekki nýtist áfram.

Endurmat:

- Börnin (3-4 ára) vita að matarafgangar nýtast í fuglafóður og er sýnilegt þegar starfsmaður fer með fötu meðferðis þegar hann fer úr vinnu.
- Ekki hefur verið komið upp hólfaskiptum safnkassa. Ástæðan er tvíþætt:
 1. mikið af matarafgöngum fer í nýtingu sem fuglafóður.
 2. Búið er að ákveða að byggja nýjan leikskóla á öðrum stað og því eðlilegt fresta þeirri framkvæmd.
- Mjög mikið af efnivið sem til fellur og er til er nýttur í öðrum tilgangi í stað þess að keypt sé nýtt, dæmi má sjá í fylgiskjali 3.
- Verulega hefur dregið úr plastnotkun í leikskólanum og eru nú nær eingöngu notaðir taupokar undir óhrein föt. Ef gripið er til plastpoka eru það pokar sem er verið að endurnota eins og t.d. brauðpokar.



- Fastur liður er að setja niður kartöflur að vori sem teknar eru upp að hausti. Ár hvert gróðursetja börn í útskriftarárgangi sólblómafræ og fá svo með sér sólblómið heim í sumarbyrjun.
- Starfsmenn Hádegishöfða standa sig að öllu jöfnu vel í að fara eftir flokkunarkerfi sveitarfélagsins. Ef eitthvað er má bæta flokkun úrgangs á kaffistofunni.

Átthagar og landslag

Markmið:

- Kynna fyrir börnunum örnefni og kennileiti í umhverfinu.
- Nýta nærumhverfið með gönguferðum og öðrum vettvangsferðum.

- Safna úr náttúrunni því sem hún gefur af sér t.d. ber, jurtir, steina.
- Fá staðkunnuga til að miðla þekkingu sinni um staðhætti og sögusagnir.
- Hreinsa rusl úr nærumhverfi okkar.

Endurmat:

- Gönguferðir hafa verið nýttar á margvíslegan hátt, til hreyfingar, til að



njóta hennar með öllum skilningarvitum, til að safna efnivið og til auka við þekkingu á örnefnum og kennileitum. Eins og gefur að skilja er lögð meiri áhersla á að njóta með börnum af Stekk og fróðleikurinn bætist að auki við með börnum af Seli.

- Farið var í "plockferðir" í okkar nánasta umhverfi.
- Á vetrum er farið í brekkur t.d. við íþróttavöllinn, Fellaskóla með þoturassa.
- Móar eru vel nýttir flesta árstíma t.d. til að týna ber, njóta útiveru og til að skoða litabreytingar náttúrunnar.
- Lagarfljótið heillar hvort sem er úr fjarlægð eða þegar farið er niður að því til að henda steinum í fljótið eða til að láta léttari hluti fljóta á vatninu.
- Farið er í heimsóknir til nágranna til að fá að upplifa það sem þeir eru tilbúnir til að deila með okkur, nefni ég þar allt frá hreindýrskálfum til steypuhrærivélar. Í fylgiskjali 4 má sjá myndir af slíkri heimsókn.
- Hádegishöfði er í gömlu húsnæði sem hefur nýst okkur vel þó nauðsynlegt sé að vera útsjónarsamur er varðar nýtingu rýma. Hafin er bygging nýs þriggja deilda leikskóla í Fellabæ og hafa eldri nemendur skólans fylgst með

framkvæmdum og eiga eftir að halda því áfram til að sjá breytingu frá því vinna hafðist þar til leikskólinn verður fullbúinn.

Áætlun um aðgerðir og markmið 2021-2023

Unnið verður út frá þremur þemum: *Neysla/úrgangur, átthagar/landslag og náttúruvísindi.*

Neysla/úrgangur:

Markmið:

- Að fara vel með mat og matarafganga eins og hingað til. Gera sýnilegt það ferli sem matarafgangar fara í hvort sem er í fuglafóður eða í moltugerð.
- Koma upp moltukassa við nýjan leikskóla.
- Nýta áfram allan efnivið sem hægt er og til fellur í leik og til skapandi starfs.
- Notað frekar það sem til er og fellur til frekar en að kaupa nýtt.
- Minnka plastnotkun eins og hægt er, bæði í deildarstarfi og eldhúsi.
- Halda áfram með frekari ræktun á nýjum leikskóla.
 - Rækta rífsberjarunna og/eða sólberjarunna
 - Gera kartöflugarð
 - Rækta rófur og gulrætur, jarðaber og myntu og jafnvel eitthvað fleira sem auðvelt er í ræktun.
 - Gróðursetja tómataplöntur og allskonar fræ og fylgjast með vexti
- Fylgja flokkunarkerfi sveitarfélagsins þegar við losum okkur við úrgang sem ekki nýtist áfram.

Átthagar/landslag:

Markmið:

- Kynna fyrir börnunum örnefni og kennileiti í umhverfinu.
- Nýta nærumhverfið með gönguferðum og öðrum vettvangsferðum.
- Safna úr náttúrunni því sem hún gefur af sér t.d. ber, jurtir, steina.
 - Vinna úr afurðum náttúrunnar, svo sem þeyting, sultu, mála steina eða vinna með þá á annan hátt sem börnunum dettur í hug.
 - Auka þekkingu barnanna á blómum og ýmsum gróðri
- Fá staðkunnuga til að miðla þekkingu sinni um staðhætti og sögusagnir.
- Hreinsa rusl úr nærumhverfi okkar og flokka.

Náttúruvísindi

Markmið:

- Efla vitund barnanna fyrir nærumhverfinu og að bera virðingu fyrir náttúrunni.
- Auka hæfni þeirra í náttúrufræðihugtökum og efla málörvun.
- Efla þekkingu þeirra á algengustu dýrunum í nærumhverfi okkar

Verkefni og tenging við aðalnámsskrá og heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Þátttaka í Skólum á grænni grein samræmist vel hugmyndafræði á Hádegishöfða, byggir á og fléttast vel inn í starfshætti okkar þar sem m.a. er áhersla á vinnu með opinn efnivið t.d. í gegnum skapandi efnisveitu og könnunarleik, auk þess sem áhersla er á umhverfismennt, lífsleikni og læsi. Í fylgiskjali 5 má sjá vinnu með opinn efnivið.



Í Aðalnámskrá leikskóla er kveðið á um að námssvið leikskóla skuli vera samþætt og samofin leikskólastarfinu auk þess sem þau skuli taka mið af grunnþáttum menntunar. Námssvið leikskóla eru: læsi og samskipti, heilbrigði

og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Læsi og samskipti: Læsi í leikskóla inniheldur, leikni, þekkingu og hæfni barna til að lesa í umhverfið og með fjölbreyttum hætti tjá tilfinningar sínar, upplifun og skoðanir. Í leikskólum er horft til þess að skapa börnum aðstæður þar sem þau miðla skoðunum og hugmyndum sínum. Eins að þau fái tækifæri til að vinna með reynslu sína og geti endurskapað upplifanir sínar í leik og skapandi starfi með fjölbreyttum efniviði og mismunandi tjáningarformum.

Á Hádegishöfða er m.a. unnið með þetta námssvið í gegnum samvinnu og samskipti þar sem gjarnan er unnið í hópum/teymum og verið er að deila skoðunum og hugmyndum. Í fylgiskjali 6 má sjá sýnishorn af verkáætlunum fyrir hópastarf í umhverfismennt. Stuðlað er að umhverfislæsi barnanna í gönguferðum þar sem við erum að kynna okkur nærumhverfi skólans auk þess sem við sækjum okkur efnivið til þess að nýta í starfi leikskólans. Einnig öflum við okkur þekkingar sem við nýtum í áframhaldandi vinnu, s.s með því að veita landslagi og gróðri eftirtekt. Ljósmyndir, myndbönd, textabrot og margt fleira sem finnst á veraldarvefnum hafa einnig nýst vel til stuðnings og fróðleiks í umhverfislæsi.

Heilbrigði og vellíðan: Hreyfing stuðlar að vellíðan barna og er þeim eðlislæg. Í gegnum hreyfingu læra börn auk þess sem hún færir þeim gleði og vellíðan. Fjölbreytt hreyfing er hverju barni mikilvæg hvort sem hún er frjáls eða skipulögð inni eða úti.

Á Hádegishöfða er m.a. unnið með heilbrigði og vellíðan með vettvangsferðum, bæði í þéttbýlinu og úti í fjölbreyttu landslagi. Þar er horft til þess að kynnst mismunandi leiðum og landslagi, hreinu loftslagi, mismunandi veðurfari, skýjafari og staðháttum. Stór þáttur þessara ferða felur í sér að sýna náttúru og umhverfi virðingu og umhyggju eins og við sýnum hvert öðru.



Sjálfbærni og vísindi: Leikskólum ber að styðja við fróðleiksporsta barna sem felur í sér að hlusta eftir og fylgjast með hvernig þau kanna og öðlast skilning á hlutunum. Út frá því eru lagðar fram nýjar hugmyndir og efniviður auk þess sem börnin eru spurð opinna spurninga sem leiðir þau til ígrundunnar og nýrrar þekkingar.

Á Hádegishöfða er m.a. unnið með sjálfbærni og vísindi í gegnum endurvinnslu s.s. upptöku á rabarbara, pappírsgerð, endurnýtingu og gegnum t.d. skapandi efnisveitu og könnunarleik. Einnig er unnið með rækun og nýtingu náttúrunnar t.d. sáir elsti árgangurinn fyrir sólblómum. Farið er í berjamó á haustin, næst elsti árgangur leikskólans setur niður kartöflur að vori og tekur þær upp að hausti. Í gróðurkössum okkar eru jarðarberjaplöntur, graslaukur, mynta og rabarbari sem við gæðum okkur á og gleðjumst yfir.

Sköpun og menning: sköpun er mikilvægur þáttur í leik og starfi barna. Í gegnum skapandi starf er horft til ferlisins sjálfs, tjáningunni, gleðinni og náminu sem birtist þegar ímyndunaraflið og hugmyndirnar fá að njóta sín. Mikilvægt er að umhverfi leikskóla styðji við sköpunarkraft barnanna, örvi skynjun þeirra og veki forvitni og fróðleiksfýsn.



Á Hádegishöfða er m.a. unnið með sköpun og menningu í gegnum skapandi starf leikskólans. Leikskólinn leggur ríka áherslu á að í boði sé fjölbreyttur og opinn efniviður sem ýtir undir

sjálfsprottna, frjálsa og skapandi tjáningu á margvíslegan hátt. Leikskólinn hefur tekið þátt í samstarfi við t.d. verkefni á borð við: BRAS barnamenningarhátíð. Í þeirri vinnu er lagt upp með að vinna með skapandi efnivið sem getur verið endurnýtanlegur efniviður og eða efnivið úr náttúrunni.

Í fylgiskjöllum 7 - 10 má sjá skráningar af nokkrum verkefnum sem tengjast umhverfismennt og unnin hafa verið í leikskólanum með börnum á ýmsum aldri.

Að upplýsa og fá aðra með

Í skólanámsskrá Hádegishöfða, sem finna má á heimasíðu skólans, <http://www.hadegishofdi.is> er þátttaka okkar í verkefninu *Skólar á grænni grein* kynnt. Jafnframt verða fundargerðir umhverfisnefndar og stýrihóps aðgengilegar á heimasíðunni. Með því að hafa þessi gögn aðgengileg á rafrænu formi, stígum við það skref í þá átt að minnka pappírsmenningu og um leið tryggja aðgengi að upplýsingum. Stefnt er að því að skrifa fréttir á heimasíðu skólans sem hvetur þá sem hana lesa til að ígrunda vel áherslur sínar til umhverfismála og vera virkur í að framfylgja þeim.

Áhersla er á að flétta umhverfismennt inn í sem flest svið/verkefni í skólanum og stuðla með því að hún verði eðlilegur þáttur í öllu starfi skólans. Á vorhátíð skólans ár hvert fá nemendur afhentar skilabækur sem innihalda verkefni og skráningar í máli og myndum frá starfi vetrarins. Með þessu er verið að auka upplýsingaflæði milli heimilis og skóla varðandi nám og kennslu í skólanum. Eins er opið hús a.m.k. einu sinni á ári þar sem foreldrar og börn vinna saman ýmis verkefni þar sem foreldrar kynnst hugmyndafræði og starfsháttum skólans í gegnum upplifun með barninu sínu.



Á Hádegishöfða er áhersla á vinnu með opinn efnivið, að börnin fái að skapa og leika frjálst og þannig auðga ímyndunarafl sitt. Með þetta að leiðarljósi var farið af stað með verkefni sem ýta undir vinnu með opinn efnivið. Þessi verkefni eru *Könnunarleikur* og *Skapandi efnisveita*. Þegar horft er til þessara aðferða sem Hádegishöfði leitast við að vinna með, má glögg sjá hversu mjög þau tengjast öllum umhverfismálum og að nýta það sem til fellur til sköpunar.

Hádegishöfði er Vináttuskóli og vinnur með forvarnarverkefni gegn einelti, útgefið af Barnaheill, sem kallast Vinátta. Þar er lögð áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir, samkennd, umhyggju, vináttu og vellíðan. Unnið er eftir fjórum gildum sem eru: Umburðarlyndi - virðing - umhyggja - hugrekki. Vináttuverkefnið fellur vel að umhverfismenntinni. Það stuðlar að almennri menntun barna með áherslu á félags- og tilfinningaþroska og hæfni barna til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Í barnahóp þar sem einelti nær ekki að þrífast er mikið umburðarlyndi og samkennd

þar sem börn njóta virðingar og viðurkenningar. Þau finna sinn sess í hópnum, sama hver þau eru og hvernig þau líta út. Á sama hátt berum við virðingu fyrir umhverfi okkar. Námsefnið Lífsleikni í leikskólanum er nátengt vináttuverkefninu og nýtist jafnframt til að rækta, æfa og efla mannkosti með börnunum og virðingu þeirra við jörðina og þá sem á henni búa.



Á Hádegishöfða er áhersla á að nýta nærumhverfið í starfi með börnunum, m.a. er farið í reglulegar vettvangsferðir þar sem við skoðum margbreytileika náttúrunnar, finnum út með hvaða hætti við getum nýtt það sem hún hefur upp á að bjóða og hvað best sé að gera til að vernda hana og varðveita. Í fylgiskjali 11 má sjá skráningu úr vettvangsferð. Við tökum gjarnan svæði í fóstur t.d. sameiginlegt verndarsvæði Hádegishöfða og Fellaskóla sem við förum reglulega á, fjarlægjum rusl og fylgjumst með árstíðarbundnum breytingum. Á vorin er unnið að ræktun, m.a. eru settar niður kartöflur, auk þess sem hugsað er um blóm og matjurtir sem við erum með í leikskólanum s.s. rabarbara, graslauk, myntu og

jarðarberjum. Einnig höfum við komið okkur upp fjölærum blómategundum sem við sinnum á þessum tíma. Í vor var sáð fyrir sólblómum sem útskriftarárgangur fékk með sér heim eins og venja er.

Umhverfissáttmálinn og umhverfislag

Umhverfissáttmálinn sem unninn var veturinn 2008 - 2009 er enn í fullu gildi en í takt við þróun verkefnisins hefur hann verið uppfærður. Hann hefur einnig verið setur upp á myndrænan hátt til að auðvelda börnunum skilning hans. Hádegishöfði hefur tileinkað sér lagið „Góðan dag“ og er það umhverfislag Hádegishöfða. Í laginu má finna mörg gildi sem við byggjum okkar umhverfismennt á, virðingu fyrir jörðinni og öllum þeim sem búa á henni. Í fylgiskjali 12 má sjá umhverfislag Hádegishöfða.

Lokaorð

Fjöldmargt hefur áunnist í umhverfismálum leikskólans og mikilvægt er að halda áfram að auka þekkingu í umhverfismennt og náttúruvernd. Það sem unnið er að varðar veginn til framtíðar og því skiptir máli að stuðlað sé að jákvæðu viðhorfi til umhverfismála. Börn jafnt sem fullorðnir taki höndum saman við að hlúa að náttúrunni og læri að njóta hennar um leið og þau finni til ábyrgðar gagnvart henni.

Yfirlit fylgiskjala

Fylgiskjal 1: Túlkun grænfánans

Fylgiskjal 2: Neysla og úrgangur - umhverfismat

Fylgiskjal 3: Jólagjafir 2020

Fylgiskjal 4: Tenging við íbúa Fellabæjar

Fylgiskjal 5: Unnið með verðlausan efnivið

Fylgiskjal 6: Verkáætlun fyrir umhverfismennt

Fylgiskjal 7: Umhverfismennt - fuglamatur

Fylgiskjal 8: Umhverfismennt - unnið með trölladeig

Fylgiskjal 9: Umhverfismennt - unnið með snjó

Fylgiskjal 10: Umhverfismennt - unnið með skynjun

Fylgiskjal 11: Jóladagurinn á Hádegishöfða 17. desember 2020

Fylgiskjal 12: Umhverfislög Hádegishöfða

Fylgiskjal 13:

Fylgiskjal 14:

Fylgiskjal 15:

Fylgiskjal 1

Grænfáninn - túlkun



Græni liturinn er einkenni umhverfisins.

Það var lítill strákur í Frakklandi sem teiknaði fánann.

Hvíti hringurinn táknar jörðina.

Bókin er tákn um að við getum aflað okkur þekkingar með því að lesa okkur til um umhverfismál.

Bláa blaðsíðan er fortíðin og sú hvíta er framtíðin. Við getum ráðið hvað skrifað verður á hvítu síðuna.

Í miðjunni eru maður og tré sem bæði eru hluti af náttúrunni sem okkur ber skylda til að bera virðingu fyrir.

(upplýsingum aflað með samtali við Katrínu starfsmann Landverndar)

Fylgiskjal 2

Neysla og úrgangur

November 2020
Höpur: Ljósangur



Umhverfismat

	Notið þið handklæði eða litla klúta til að þurrka ykkur um <u>mun</u> og hendur?			
	Farið þið heim með blaut föt í taupokum og listaverk í pappírsmöppum en ekki plastpokum?			
	Er einhver með taubleyjur í leikskólanum?			ekki nuna en velunin 2018-2020 
	Fer sandur sem er sópaður upp aftur í sandkassann en ekki í ruslið?			
	Farið þið vel með dótið í skólanum svo það skemmist ekki?			

	Nota allir í skólanum (starfsmenn og nemendur) endurvinnslutunnurnar?			
	Farið þið sjálf með úrganginn í endurvinnslutunnurnar?			
	Fer afgangsmatur í moltugerð eða gefið þið dýrum hann, t.d. grísum eða hænum?			
	Ef hann fer í moltugerð, gerið þið moltu í skólanum?			
	Ef já, takið þið krakkar þátt í moltugerðinni?			
	Ef já, er moltan sett á beðin á skólalóðinni?			



Neysla og úrgangur



Umhverfismat

	Vitið þið hvernig á að flokka ruslið í leikskólanum?			
	Skoðið flokkunartunnurnar, er eitthvað þeim sem ekki á heima þar?			
	Ef já, finnið út hvað það er og hvar það á að vera			Rei ekkert
	Vitið þið hvað verður um það sem er flokkað?			
	Vitið þið hvað verður um það sem er EKKI er flokkað?			
	Farið þið stundum með ruslapoka í gönguferðir og tínið upp rusl?			

Hvað er flokkað í skólanum?

 Pappír	 Plast	 Lífrænt
 Bylgjupappi	 Rafhloður*	 Málmur
		 Gler

Neysla og úrgangur



Umhverfismat

Flokkið þið eitthvað fleira?

*Ef ekki eru notaðar fjölnota

Hvað getur skólinn gert til að minnka úrgang og endurnýta og endurvinna meira?

Hvað dettur ykkur í hug?

ELISABET
ATLIÖRN

STIGURBERG

⇒

ABRIE
HILMAR HREINN

A

ARNYTEKLA



Neysla og úrgangur

November 2020
Höpur:
Svampur Sveinsson



Umhverfismat

	Notið þið handklæði eða litla klúta til að þurrka ykkur um munn og hendur?			litla klúta fyrir munn Pappir á hendur	
	Farið þið heim með blaut fót í taupokum og listaverk í pappírsmöppum en ekki plastpokum?				
	Er einhver með taubleyjur í leikskólanum?			2 ánd 2019 0 ánd 2020	
	Fer sandur sem er sópaður upp aftur í sandkassann en ekki í ruslið?				
	Farið þið vel með dótið í skólanum svo það skemmist ekki?				

	Nota allir í skólanum (starfsmenn og nemendur) endurvinnslutunnurnar?				
	Farið þið sjálf með úrganginn í endurvinnslutunnurnar?				
	Fer afgangsmatur í moltugerð eða gefið þið dýrum hann, t.d. grísum eða hænum?				
	Ef hann fer í moltugerð, gerið þið moltu í skólanum?				
	Ef já, takið þið krakkar þátt í moltugerðinni?				
	Ef já, er moltan sett á beðin á skólalóðinni?				

Neysla og úrgangur



Umhverfismat

	Vitið þið hvernig á að flokka ruslið í leikskólanum?			
	Skoðið flokkunartunnurnar, er eitthvað þeim sem ekki á heima þar? <i>nei</i>			
	Ef já, finnið út hvað það er og hvar það á að vera			
	Vitið þið hvað verður um það sem er flokkað?			
	Vitið þið hvað verður um það sem er EKKI er flokkað?			
	Farið þið stundum með ruslapoka í gönguferðir og tínið upp rusl?			

þurfum að gera það oftar.

Hvað er flokkað í skólanum?

Pappír	Plast	Lífrænt	
Bylgjupappi	Rafhlöður*	Málmur	Gler

Neysla og úrgangur



Umhverfismat

Flokkið þið eitthvað fleira?

dásir og fáskur, seljum í RÍ,

*Ef ekki eru notaðar fjölnota

Hvað getur skólinn gert til að minnka úrgang og endurnýta og endurvinna meira?

Hvað dettur ykkur í hug?

DOMINIK DARRI
BRUNNARTR

THEÓDÓR ÓÐINN

ANDREA

ÍVAR ÞÓR

Fylgiskjal 3

Jólagjafir 2020

Í ár var ákveðið að jólagjafir barnanna væri að mestu leyti unnin úr endurvinnanlegum efnivið. Notuð voru púsl sem vantaði kubba í til að líma á ramma. Börnin í tveimur elstu árgöngunum gerðu hver sína sögu sem límd var í rammann ásamt mynd af barninu og hrósi til foreldra. Gamlar gardínur voru klipptar niður og börnin saumuðu og teiknuðu á gjafapoka sem ramminn fór í. Merkimíðinn var úr endurunnum pappír sem unninn var í útivist í sumar. Börnin snéru upp á band/garnafganga sem okkur áskotnaðist til að nota sem pakkaband. Því má segja að hugsun „Skóli á grænni grein“ hafi náð fram að ganga í gegnum alla vinnu barnanna sem snéri að jólagjöfinni.



Fylgiskjal 4

Tenging við íbúa Fellabæjar

Desember 2020


Eins og hefð er fyrir eru sungin jólalög í aðdraganda jóla. Eitt af jólalögum sem heilluðu elstu börnin er lagið Ó Grýla eftir Ómar Ragnarsson. Þar er m.a. sungið um að Grýla hræri skyr í steypuhrærivél og moki matnum upp í sig með malarskóflu.

Okkur barst til eyrna að í bílskúr í nágrenni leikskólans væri steypuhrærivél og var okkur boðið að koma og sjá hvernig græjan lítur út og hve stór hún er. Þannig tengdum við upplifun barnanna við markmið Hádegishöfða þ.e. að auka þekkingu barnanna með því að vera í tengslum við bæjarbúa.



Fylgiskjal 5

Umhverfi Lagarfljóts skapað úr verðlausum efnivið



Lagarfljótið, brúin,
göngustígur, kajakar



Fylgiskjal 6

mánudagur 5. október	mánudagur 13. okt	mánudagur 19. október
Umhverfislag	— >	— > Rætt um afmali.
Hálft tré/blóm o.s.frv. Teikna hinn helminginn	Sjá 28. sept afmali o. h. Fárum í hver er undir teppinu? LESIN saga um geiturnar þjár og leikið með remidu. Sagan birt til or remidu.	Sjá 28. september. afmali og fleira. Lúðom mynd af okkur Inna árstíðarhring og máluðum mynd í árstíðarlitum.
Gekkt vel. Allir mættir.	Gekkt vel. Fjarverandi: Bergþóra.	GEKK VEL. ALLIR VIKUR og dúplegir Fjarverandi: ÞÓREY, TRISTAN FURA

Þriðjudagur 15. sept	Þriðjudagur 22. sept	Þriðjudagur 29. sept
Umhverfislag Rætt um haust - litir, lauf, br.		Taka kransamyndir af Rúnari og Birnu. Komuð. Sjá Skipulag 3ja ára
Lima haustkrans Í rígríngu íg syng	Remidu - Geiturnar þjár	Reyniber með bókstaf -
Gekki og gekk vel Allir mættir	Gekkt vel að lengja leik við Sögunna Jsh. fri = Helga Sjöfnu og Söndra Fjarr: Rúnar	Gekkt vel og allir mættir.

Fylgiskjal 7

Janúar 2020

Umhverfismennt - fuglamatur



Fyrst var kornum,
fræum og rúsínum
blandað saman.



Síðan var hafragrauti og feiti blandað saman
við. Svo var vír settur í botn á ísboxi og öllu
blandað saman þar í.



Endurnýting og minni matarsóun

Fylgiskjal 8

Í apríl vorum við í Umhverfismennt að vinna að langtímaverkefni um Pétur og Úlfinn. Í upphafi var sagan lesin og við vorum að velta fyrir okkur sögunni og sögupersónunum. Settu söguna upp sem leikþátt og lékum með söguna. Einnig hlustuðum við á söguna lesna ásamt því að hlusta á tónlistina og velta fyrir okkur hljóðfærunum sem túlka sögupersónurnar. Í lok verkefnisins bjuggum við til sögupersónu úr trölladeigi og máluðum.



Hér erum við að búa til sögupersónur úr trölladeigi sem við málum svo.



Fylgiskjal 9



Snjór var sóttur út í skafli og settur í kar. Börnin fengu bíla, rör, köngla og box til að leika sér með. Þegar leikurinn var komin vel af stað bættum við inn í dropateljurum og matarlit. Mikil gleði var með þennan leik og ekki spillti fyrir þegar litirnir breyttu ásjónu snjósins.

Fylgiskjal 10

Umhverfismennt - unnið með skynjun



Fylgiskjal 11


Átthagar og landslag

Jóladagurinn á Hádegishöfða 17. desember 2020

Á Hádegishöfða var ekki hægt að hafa hefðbundið snið á jóladeginum vegna sóttvarnatakmakana. Ekki var hægt að taka á móti rauðklæddum gestum og því nauðsynlegt að útfæra daginn með það í huga án þess að skemma upplifun barnanna.

Eins og tveggja ára börn voru saman á svæði, þriggja og fjögurra ára börn saman og 5 ára börnin saman.

Hér sjáum við jólatré elstu barnanna á Hádegishöfða með því jólaskrauti sem þau gerðu sjálf, að mestu úr endurvinnanlegum efnivið.



Bréf til barna á
Hádegishöfða frá Stúf og
Hurðaskelli

Tveir eldri hóparnir fengu bréf frá jólasveinunum Stúfi og Hurðaskelli þar sem þeir útskýra af hverju þeir geta ekki komið í leikskólann. Þeir segja frá samskiptum sínum við mömmu sína og nefna heimkynni sín Snæfell. Þeir biðja krakkana að fara með sér í ratleik því gjafirnar sem þeir ætluðu að gefa á Hádegishöfða séu í nágrenni leikskólans og af þeim verði krakkarnir að leita. Haldið var af stað með elsta hópinn sem rakti sig áfram með því að finna vísbendingar frá 1-5 í okkar nær samfélagi niður að Verndarsvæði. Verndarsvæðið er sameiginlegt útvistarsvæði skólanna í Fellabæ. Þriggja og fjögurra ára krakkarnir fóru niður á stíg á skógarsvæði sem liggur samsíða Lagarfljóttinu.



Fyrsta vísbending var á hliðinu

Báðir hópar fóru með kakó og piparkökur með sér í þennan leiðangur og var borðað úti í náttúrunni.



Elsti árgangurinn farinn að gæða sér á kakó og piparkökum á verndarsvæðinu í lok ratleiksins.

Umhverfislög Hádegishöfða



Góðan dag kæra jörð,



Góðan dag kæra sól.



Góðan dag kæru tré



og blómin mín öll.



Sæl fiðrildin mín



og lóan svo fín.



Góðan dag fyrir þig.



Góðan dag fyrir mig.



(Höf. ókunnur)

